

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *76. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 15. apríl 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Deiliskipulag Skútustaðir 2b.
3. Deiliskipulag Björk.
4. Erindi frá Teiknistofu Arkitekta f.h. Ferðafélags Akureyrar, ósk um breytingu á deiliskipulagi í Drekgali.
5. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga, 452. mál.
6. Erindi frá sýslumanni dags. 25. mars þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Friðriki K. Jakobssyni f.h. Draumaborga til veitingareksturs við Dimmuborgir.
7. Deiliskipulag Hlíð ferðapjónusta.
8. Erindi frá Hermanni Valssyni f.h. VikingTravel.is dags. 6. apríl.
9. Höfðafélagið.
10. Niðurstaða íbúafundar 27. febrúar.
11. Tilnefning fulltrúa í verkefnisstjórn Eypings um sameingarkosti sveitarfélaga.
12. Erindi frá Héðni Sverrissyni.

Til kynningar:

Ályktun frá félagi íslenskra atvinnuflugmanna dags. 25. mars.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 4. mars.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11 og 12 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Deiliskipulag Skútustaðir 2b.

Sveitarstjórn hefur haft tillögu að deiliskipulagi við Skútustaði 2b til meðferðar í nokkurn tíma. Þegar tillagan var auglýst í upphafi kom fram athugasemd frá Umhverfisstofnun sem tekið var tillit til. Sveitarstjórn taldi að þó svo að nokkur tími væri liðinn frá því að tillagan væri auglýst og þar til hún hlaut samþykki í sveitastjórn kallaði það ekki á nýja auglýsingu. Þegar hins vegar kom að því að afla deiliskipulagstillögunni staðfestingar kom ábending frá Skipulagsstofnun um að auglýsa tillöguna að nýju. Sveitarstjórn ákvað að verða við því og birtist auglýsing í Lögbirtingarblaðinu, Morgunblaðinu og Mýflugunni. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 7. apríl. Engin athugasemd barst.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og felur sveitarstjóra að afla henni staðfestingar.

3. Deiliskipulag Björk.

Á fundi sveitarstjórnar 28. janúar s.l. var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í landi Bjarkar. Tillagan byggir á staðfestu aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 og tekur til athafnasvæðis Voga ferðaþjónustu. Tillagan var auglýst í Lögbirtingarblaðinu, Morgunblaðinu og Mýflugunni. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 7. apríl. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og felur sveitarstjóra að afla henni staðfestingar.

4. Erindi frá Teiknistofu Arkitekta f.h. Ferðafélags Akureyrar, ósk um breytingu á deiliskipulagi í Drekaagili.

Með bréfi dags. 25. mars óskar Árni Ólafsson, Teiknistofu arkitekta eftir f.h. Ferðafélags Akureyrar eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir minni háttar breytingu á deiliskipulagi við Drekaagil. Breytingin snýst ekki um meginatriði skipulagsins og felur ekki í sér neina stefnubreytingu um nýtingu svæðisins. Heldur er eingöngu verið að breyta deiliskipulaginu til að stækka byggingarreit svo hægt sé að koma fyrir áhaldgeymslu við hlið nýja landvarðarhússins sem þar er. Þess er óskað að með málið verið farið skv. 2. mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og felur sveitarstjóra málsmeðferð.

5. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga, 452. mál.

Með tölvupósti dags. 24. mars er óskað umsagnar sveitarfélaga um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (skil á fjármálaupplýsingum) 452. mál.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja nauðsynlegar heimildir fyrir ráðuneyti, eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, Sambandi ísl. sveitarfélaga og annarra opinberra aðila að afla ársfjórðungslega fjármálaupplýsinga frá sveitarfélögum. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins segir að þessi auka upplýsingagjöf sé forsenda þess að efla eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Gott og vel en það kemur ekkert fram hvað á að gera við upplýsingarnar og að tryggt verði að farið verði yfir þær, því það hlýtur að eiga að vera markmiðið. Það vekur athygli sveitarstjórnar Skútustaðahrepps að í niðurlagi frumvarpsins segir: „*Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð*“. Ef þessi gagnasöfnun leiðir ekki til aukins kostnaðar, þá ætlar enginn að vinna úr þeim gögnum sem safnast með fyrrgreindri lagasetningu. Ólíklegt er að úrvinnsla gagna verði ókeypis. Það er meira um vert að farið sé eftir þeim reglum sem til eru heldur en að setja strangar reglur sem enginn fylgir eftir að séu virtar.

6. Erindi frá sýslumanni dags. 25. mars þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Friðriki K. Jakobssyni f.h. Draumaborga til veitingareksturs við Dimmuborgir.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar um breytingu á rekstrarleyfi til sölu veitinga í Kaffi Borgum við Dimmuborgir. Nýr leyfishafi verður Friðrik K. Jakobsson.

Sveitarstjórn samþykkir breytinguna fyrir sitt leyti.

7. Deiliskipulag Hlíð ferðapjónusta.

Með bréfi óskar Gísli Sverrisson eftir að sveitarstjórn taki til auglýsingar m.f. deiliskipulagstillögu að athafnasvæði Hlíðar ferðapjónustu. Tillagan byggir á staðfestu aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 og er unnin af A.V.H. Sveitarstjórn lýstir ánægju með vel unna tillögu og þær hugmyndir sem þar koma fram um endurbætur og uppbyggingu á húsnaði fyrirtækisins. Eftirfarandi athugasemdir eru þó gerðar við greinargerðina með tillögunni. Það vantar að fram komi að fornleifaskráning hafi farið fram á svæðinu og einnig vantar í greinargerðina stærð á byggingarreitum og byggingarskilmála þ.e. útlit húsa

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa tillöguna þegar bætt hefur verið úr fyrrnefndum athugasemdum.

8. Erindi frá Hermanni Valssyni f.h. VikingTravel.is dags. 6. apríl.

Með bréfi dags. 6. apríl er Hermann Valsson að grenndarkynna fyrirhugaða breytingu á notkun hússins að Helluhrauni 14. Hefur hann uppi áform um að reka gistingu í húsinu á vegum VikingTravel. Sveitarstjórn getur ekki samþykkt framkvæmd grenndarkynningarinnar þar sem hún samræmist ekki 43 gr. skipulags- og byggingalaga, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar sveitarstjóra um hvernig með mál skuli farið.

9. Höfðafélagið.

Ýmislegt rætt. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir við stjórn Höfðafélagsins upplýsingum um stöðu mála varðandi tilgang félagsins.

10. Niðurstaða íbúafundar 27. febrúar.

Að gefnu tilefni vill sveitarstjórn benda á að dreifibréfið með punktum frá íbúafundinum og sent var inn á hvert heimili í sveitarfélaginu er ekki afstaða sveitarstjórnar til einstakra mála sem þar voru rædd. Lokaplaggið var unnið af ráðstefnustjóra út frá þeim punktum og gögnum sem fram komu frá þeim einstaklingum sem sátu fundinn, en er ekki ætlað að túlkast sem niðurstaða fundarins.

Margt í plagginu gefur hins vegar tilefni til frekari úrvinnslu.

11. Tilnefning fulltrúa í verkefnisstjórn Eypings um sameiningarkosti sveitarfélaga.

Fyrir fundinu liggur erindi frá Pétri Þór Jónassyni f.h. Eypings þar sem óskað er eftir að sveitarfélög á starfssvæði Eypings tilnefni fulltrúa í sérstaka verkefnisstjórn til að meta sameiningarkosti sveitarfélaga í landshlutanum í samræmi við bréf samgöngu – og sveitarstjórnarmálaráðuneytis dags. 8. mars. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Böðvar Pétursson sem aðalmanng og Dagbjörtu Bjarnadóttur til vara.

12. Erindi frá Héðni Sverrissyni.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 17. febrúar s.l. var tekið fyrir erindi frá Héðni Sverrissyni varðandi stofnun nýrrar lóðar í landi Geiteyjarstrandar 1. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Stofnun nýrrar lóðar að Geiteyjarströnd 1.

Fyrir fundinum liggur umsókn um stofnun nýrrar lóðar í landi Geiteyjarstrandar 1. Lóðin er 10.000 m² að stærð og er ætluð undir bilastæði við Dimmuborgir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að lóðin verði stofnuð. Jafnframt gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við að lóðin verði leyst úr landbúnaðarnotum.“

Héðinn sendir erindi að nýju um sama efni þar sem ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála telur að bókun sveitarstjórnar sé ekki skýr.

Til að taka af allan vafa þá samþykkir sveitarstjórn Skútustaðahrepps hér með að fyrrnefnd lóð 10.000 m² að stærð verði stofnuð og jafnframt samþykkir sveitarstjórn að lóðin verði leyst úr landbúnaðarnotum.

Fleira ekki gert.
Fundi slítið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson.